



Til
Allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis

Reykjavík, 19.4. 1976

Þökkum bréf yðar dagsett 23. mars 1976. Hér fylgir
umsögn Rauðsokkahreyfingarinnar um frv. um jafnstöðu kvenna
og karla sem þér báðuð um í því bréfi.

Kvenréttindabarátta undanfarinna áratuga hefur mjög beinst
að því að tryggja lagalegt jafnræði kynjanna. Frv. um jafnstöðu
kvenna og karla er enn eitt spor í þessa átt, og við fögnum því
að frv. sem þetta hafi komið fram, því það sýnir þó að skiln-
ingur er á því að enn er langt í land að kynin njóti jafnra
réttinda.

Reynslan sýnir aftur á móti að raunverulegt jafnrétti
verður ekki tryggt með lögum einum saman. Lagabálgar eru
ekkert nema pappírsgögn ef ekki koma jafnframt til aðgerðir
sem gera konum kleift að notfara sér þau réttindi sem lögin
gera ráð fyrir. Oftrú á lagasmíð, eins og frv, það sem nú
ligger fyrir þinginu, getur reynst fjötur um fót ef hún beinir
athyglinni frá þeim þjóðfélagsbreytingum sem nauðsynlegar eru
til að koma á raunverulegu jafnrétti.

Breytingar þar sem brúnastar eru til að konur geti nýtt
þau réttindi sem frv. gerir ráð fyrir varða barnaupveldi og
fjölskyldulíf. Börn og allt heimilishald eru enn að mestu á
ábyrgð kvenna, þó sífellt fjölgi þeim konum sem vinna utan
heimilisins. Þetta veldur því að margar konur búa við tvöfalt
vinnuálag og geta því hvorki sinnt nægilega starfi sínu á
heimilinu eða utan þess, né tekið virkan þátt í félags- og
stjórnmálum. Einnig bitnar þetta fyrirkomulag hart á börnunum
sem ekki njóta þeirrar umönnunar sem þau þurfa. Til að breyta
þessu ástandi verður að skipta ábyrgðinni á barnaupveldinu og
öðrum heimilisstörfum jafnt á milli kynjanna, og því er
óraunhæft að undanskilja fjölskyldulíf í lögum um jafnstöðu
kvenna og karla. Einnig verður að tryggja konum fullkominn
sjálfsákvörðunarrétt um barneignir, bæði með aukinni kynferðis-
fræðslu, ókeypis getnaðarvörnum og frjálsum fóstureyðingum.
Þegar kona svo kys að eignast barn á hún að fá fæðingarorlof
á launum (æskilegt væri að foreldrarnir gætu skipt því með

sér) án þess að glata neinum réttindum í atvinnulífínu.

Auk þessa þarf að efla þjónustu við heimilín t.d. með því að fjölga dagvistunarstofnunum svo að öll börn eigi kost á slíkri vist, en þessar stofnanir verður einnig að gera þannig úr garði að þær geti rækt uppeldishlutverk sitt, en verði ekki einberar barnageymslur. Fjölga þarf líka skóladagheimilum fyrir eldri börn, samræma skólatíma með því að einsetja skólana og auka námsstarfið innan þeirra, einkum í yngri bekkjunum, til að jafna námsaðstöðuna og koma í veg fyrir að börn séu í reiðuleysi mikinn hluta dagsins. Mötuneyti þarf að vera í hverjum skóla og endurskipuleggja verður sumarstarf skóla, æskulýðsráða og -félaga, þar sem fast börn hafa nægileg verkefni á sumrin.

Fleira mætti tína til í þessu sambandi, en heildarniðurstaðan er sú að til að tryggja að bæði kynin sitji við sama borð verður að gera ráðstafanir til að allri gegnt foreldrahlutverki sínu, jafnframt vinnu utan heimilisins.

Frv. þetta byggir að nokkru á lögum um Jafnlaunaráð nr. 37/1973, en svo virðist sem ekkert tillit hafi verið tekið til þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þeirra laga. Jafnlaunaráði voru falið mörg og merkileg verkefni, en fastur starfsmaður er enginn né vinnuaðstaða fyrir ráðið, fjárveitingar hafa verið skornar við nögl og í engu samræmi við það viðtæka verksvið sem ráðinu var ætlað. Við teljum það grundvallaratriði að fjármagn verði tryggt þegar í upphafi til að frv. þetta, ef að lögum verður, verði annað en orðin tóm.

Okkur finnst það áberandi að frv. þetta endurspeglar óraunhæft mat á ríkjandi ástandi, því svo virðist sem gengið sé út frá því að jafnstöðu karla og kvenna hæfi þegar verið náð og ekki þurfi annað til að koma en að viðhalda þessu ástandi. Mörg ákvæði frv. eru auk þess svo loðin og óljós að erfitt mun reynast að beita þeim í einstökum málum. Við teljum því að eðlilegra og árangursríkara verði að setja lög sem bönnuðu misrétti og hefðu það markmið að bæta stöðu kvenna. Slík lög veru mun betur fallin sem tæki til að breyta ríkjandi ástandi, heldur en almenn ákvæði sem þessi sem ekki gera ráð fyrir að gera þurfi neinar breytingar til að koma á jafnstöðu karla og kvenna.

Hér á eftir fara því nokkrar athugasemdir og ábendingar um það sem við teljum ábótavant í þessu frv.:

1. gr. Hér teljum við að ekki sé nógu sterkt að orði kveðið þegar sagt er að tilgangurinn sé "að stuðla að..." Hér ætti að koma í staðinn áð koma á jafnrétti..... Af þessari grein verður heldur ekki séð á hvern er hallað í þessum málum og því er nauðsynlegt að aftan við málsgreinina komi: og bæta stöðu kvenna.

2. gr. Þessari gr. teljum við að skipta beri í tvennt, um menntun annars vegar og atvinnu hins vegar. Væri þá hægt að afmarka tilgang hennar skýrar.

Það er alkunna að hér á landi hafa konur minni og einhæfari menntun en karlar. Stúlkur fá enn í dag ekki sömu hvatningu og strákar til að afla sér menntunar og því liggur beint við að álykta að hér verði að veita stúlkum nokkur forréttindi

p.e. að þær fái meiri hvatningu en strákar svo þær mennti sig til að sækja inn á þau verksvið sem karlmenn ráða nú einir eða að mestu.

Auk þess viljum við minna á að ríkisvaldið og skólar eru ekki einráð um að veita konum og körlum sömu möguleika til atvinnu og menntunar, og má í því sambandi benda á meistara-kerfið í iðngreinum þar sem atvinnurekendur hafa úrslitavald um hverjir fái að stunda ákveðnar atvinnugreinar. Þetta sýnir að almenn lagaákvæði duga ekki ein til, heldur er réttækra breytinga þörf á öllum sviðum samfélagsins ef tryggja á jafnrétti.

3. gr. Þessi gr. er vægast sagt mjög óraunhæf þar sem samkvæmt henni yrði t.d. launað fæðingarorlof kvenna ólöglegt, en einmitt á þessu sviði er mismunur konum í hag nauðsynleg svo þær geti gegnt líffræðilegu hlutverki sínu, en þegar á heildina er litið tekur þetta frv. ekkert tillit til þess hlutverks, frekar en gert er í þjóðfélaginu í dag.

4. og 5. gr. Þessum gr. erum við efnislega sammála.

6. gr. Hér viljum við taka burtu ákvæðin um sama atvinnu-rekenda ("er starfa hjá sama atvinnurekenda"), því að ónauðsynlegt er að þrengja þessa gr. til að beita megí henni í einstökum tilfellum.

Einnig viljum við taka burtu "betri" ("betri starfa"), þar sem engin skýrgreining er á því hvað er betra starf og vand- séð hver getur dæmt um slíkt.

Aftur á móti teljum við nauðsynlegt að tryggja að konur geti í þessu tilliti notið "sömu möguleika" með því að setja þau skilyrði að námskeið sem þessi séu haldin í dagvinnutíma (eða venjulegum vinnutíma ef um vaktavinnu e.p.h. er að ræða), en að öðrum kosti sé þátttakendum séð fyrir barnagæslu ef með þarf. Þar sem konur sjá yfirleitt um heimilisstörf verður með sérstöku aðgerðum að tryggja rétt þeirra hér, og yfirleitt verður að breyta atvinnulífínu þannig að það taki meira tillit til foreldra — og þarfa barna.

7. gr. "Í skólum og öðrum menntastofnunum" breytist í: Í uppeldis- og menntastofnunum. Þar með féllu dagvistunar- stofnanir undir þetta ákvæði. Fræðsluskuldunni hér erum við sammála, en teljum að uppeldis- og menntastofnanir verði að gera meira en að forðast mismunur kynjanna, leggja verði þeim frekari skyldur á herðar við að útrýma gömlum fordómum og úreltum hefðum. Þess vegna leggjum við til að hér verði bætt inn í ákvæði sem geri þessum stofnunum skyllt að vinna að því að uppræta úrelta hlutverkaskiptingu kynjanna.

Ennfremur þarf hér að bæta við ákvæðum (eða nýrri gr.) um starfsfræðslu, verkmenntun og fullorðinsfræðslu sem leggi skólayfirvöldum þá skyldu á herðar að veita stúlkum sérstaka hvatningu til að afla sér aukinnar menntunar og fara inn á þau verksvið sem karlmenn helga sér nú. Á sama hátt mætti hvetja karla til að fara í auknum mæli inn á þau verksvið þar sem konur hafa hingað til verið í meirihluta. Hér koma einnig þarfir og réttindi barna við sögu, því þær konur sem hafa börnum að sinna hafa enga möguleika til að afla sér menntunar nema geta verið öruggar um góða gæslu fyrir börnin á meðan. Hér, því ekki nóg að kveða á um réttindi, heldur verða að koma til aðgerðir sem bæta stöðu kvenna.

8. gr. Þessa gr. teljum við að bæði þurfi að víkka og einnig að kveða fastar að orði. Í stað "í orðum og myndum" koma: í orðum, myndum eða á annan hátt, og aftan við málsgreinina bætist: eða viðhalda úreltum viðhorfum um hlutverkaskiptingu kynjanna. Þetta teljum við nauðsynlegt, þar sem myndir eða ummæli þurfa ekki að vera lítilsvirðandi eða til minnkunar í sjálfu sér, en geta þó valdið miklum skaða með því að viðhalda eða treysta í sessi úreltar hugmyndir sem koma í veg fyrir að konur öðlist aukið frelsi.

9. gr. Við höfum ekkert að athuga við það hverjir eiga að skípa fulltrúa í ráðið, en teljum aftur á móti nauðsynlegt að tryggja starfsgrundvöll þess, og höfum við þá í huga reynsluna af getuleysi jafnlaunaráðs. Setja verður inn ákvæði um starfsaðstöðu, s.s. skrifstofu, og a.m.k. einn fastan starfsmann og yfirleitt að ráðinu sé veitt nægilegt fjármagn til þess að það sé fært um að gegna því hlutverki sem því er ætlað í næstu gr. Einnig teljum við rétt að sett verði ákvæði um að a.m.k. þrjú fulltrúanna séu konur. Ákvæði þetta mætti vera til bráðabirgða, t.d. næstu 10 árin eða þann tíma sem Sameinuðu þjóðirnar (og þar með Ísland) hafa samþykkt að helga sérstaklega baráttunni fyrir bættum högum kvenna.

10. gr. Í 2. lið sé bætt að ráðið skuli einnig vera einstaklingum ráðgefandi, og það megi veita ráðgjöf sína ad eigin frumkvæði.

Við leggjum til að 4. liður verði felldur niður, þar sem þetta er í raun ekkert nema orðagjálfur og segir ekkert frekar en það sem kemur fram annars staðar í greininni.

Í 6. lið er einnig nauðsynlegt að kveða á um að ráðið eigi einnig ad hafa frumkvæði um rannsóknir á brotum gegn lögnum.

11. gr. Hér teljum við nauðsynlegt að hert séu ákvæðin. Þ.e. að ráðinu sé ekki einungis "heimilt" að höfða má ef atvinnurekandi lætur sér ekki segjast við fortölur, heldur beri því að höfða málið í samráði við hiutaðeigandi. Einnig getur hér verið um fleiri en starfsmenn og atvinnurekendur að ræða, t.d. nemendur og skóla eða aðra stofnun eða jafnvel einstakling, þótt ekki sé hann atvinnurekandi og verður því að gera ráð fyrir því í gr.

12., 13., 14., 15. og 16. gr. Við þessar gr. höfum við engar athugasemdir.

Eins og sjá má á athugasemdum þeim sem við höfum gert við frv. þetta erum við þeirrar skoðunar að leggjja beri áherslu á ákvæði sem nota megi til að koma í veg fyrir misrétti gegn konum, og að nauðsyn sé á lagasetningu um þjóðfélagslegar úrbætur til að bæta hag kvenna, þar til jafnstöðu kynjanna hefur verið náð.

Um leið viljum við vara við því að konum sé beint inn á þá braut að þær gangi inn í núverandi hugsunarhátt, hegðunarmunstur og þjóðfélagshlutverk karla, heldur sé hlúð að því að reynsla kvenna sé einnig nýtt til að umbreyta þjóðfélaginu. Aftur á móti verða þau lög sem sett eru í þessum tilgangi að ná til allra sviða samfélagsins og þá einnig inn fyrir veggj heimilisins.

Þá teljum við nauðsynlegt að setja tímabundin ákvæði og gera áætlanir til að flýta fyrir árangri. Mætti þá gjarna miða við Jafnréttisáratug S.þ. Skv. því verði t.d. sett það mark að reisa nægilega mörg dagvistunarheimili á þessu tímabili o. fl. þ.h. Veita mætti konum tímabundin forréttindi til að hraða breytingum enn frekar.

Af framan sögðu má sjá að við teljum frv. þetta gagnslítið í óbreyttri mynd, þó að þar megi finna ýmis nýtileg atriði. Og síðast en ekki síst viljum við leggja á það höfuðáherslu að ef frv. þetta verður að lögum, þá má það ekki verða til þess að mönnum finnist þá nóg að gert og snúi sér ekki að þeim breytingum sem gera verður á þjóðfélaginu til þess að koma á raunverulegu jafnrétti.

F.h. Rauðsokkahreyfingarinnar,

Elísabet Gunnarsdóttir

Guðrún Einarsdóttir

Helga Sigurjónsdóttir

Rannveig Jónsdóttir

Vilborg Harðardóttir

Vilborg Sigurðardóttir